

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 14. desember 2022
UST202203-071/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á geymi T0053, nr. 690.04.00 - Olíudreifing ehf. Vopnafirði

Umhverfisstofnun barst þann 25. nóvember sl. þykktarmælingar á geymi Olíudreifingar ehf., Vopnafirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0053 og eigendanúmerið 690.04.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila við Hafnarbyggð 4, Vopnafirði. Geymirinn er standandi stálgeymir, byggður árið 1965.

Þykktarmælingar framkvæmdu Andre Sandö og Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., Kópavogi, þann 24. október 2022. Upplýsingar varðandi aðstæður, notkun geyma o.fl. veitti Ari Elísson og Gunnar Kr. Sigmundsson hjá Olíudreifingu ehf. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var sjónskoðun einnig framkvæmd og kverksuða geymis skoðuð sérstaklega vel ásamt öðrum suðum innanvert í geymi. Botn geymisins var mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að geymir er ómálaður að innan en er í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Gólfllöturinn er alsettur 0,5 - 2 mm djúpum pyttum en efnisþykkt alsstaðar meiri en 3mm sem eru viðmiðunarmörk fyrir lágmarks efnisþykkt. Einn djúpur pyttur fannst og var hann lagfærður. Pitturinn mældist 3.5mm (mesta dýpt) á svæði þar sem efnisþykktin í kring var um 6.4mm. Þá er eftir 2.9mm af efnisþykkt. Viðgerð var framkvæmd af Olíudreifingu. Einnig var mikið af pyttum allan hringinn í neðsta umfari (sjá myndir) sem voru á bilinu 0.3-1.2mm djúpir. Geymirinn lítur vel út að utan.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til að fylgjast vel með efnisþykkt geymisins og bregðast við með viðeigandi hætti, verði tæringin enn meiri við næstu skoðun. Stofnunin gerir ekki þó athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum fram að næstu skoðun. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri